



Framkvæmda- fréttir 28. tbl. /03

Vesturland
framkvæmdir 2003
sjá kort í opnu



Framkvæmdir í Kolgrafafirði 3. september 2003. Sjá nánar bls. 3. Ljósmynd: Guðmundur I. Waage.



Vegagerðin var með bás á alþjóðadegi Rauða krossins í Smáralind 13. september sl. Þar voru m.a. þessar merkingar vinnusvæða sýndar en þær eru danskar að uppruna.

Auglýsingar útboða

**Norðausturvegur (85),
Brekkaheiði - Saurbæjará** 03-075
Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Norðausturvegur (85), Brekkaheiði - Saurbæjará“ í Bakkafirði. Fjórir kaflar með malarslitlagi, samtals um 7 km. Verkið fellst í nýbyggingu vegar á 3,2 km og endurbyggingu núverandi vegar á um 3,8 km. Auk þess á að mölbera aðra kafla Norðausturvegar á um 22 km.

Helstu magntölur eru:

Stór stálplöturæsi	60 m
Fyllingar	80.000 m ³
Neðra burðarlag	40.000 m ³
Mölbúður	16.000 m ³

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 6. október 2004. Verð á útboðsgögnum er 4.000 kr.


Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 21. október 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 28. tbl. 11. árg. nr. 350 3. okt. 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Rögnvaldur Jónsson
framkvæmdastjóri tæknisviðs
Vegagerðarinnar skrifar

„Stamvegur“ (stofnvegir) í Noregi

Í námsleyfi mínu í maí 2003 kynnti ég mér þær kröfur sem norska vegagerðin gerir til „stamvegur“ en við getum borið þær saman við kröfur til stofnvega eða grunnnetsins hér á landi.

Norsku stofnvegirnir eru 8.600 km langir og eru þeir um 32% af heildarlengd ríkisveganna. Núverandi skilyrði fyrir að vegur geti talist stofnvegur eru þessi:

- Evrópuvegur.
- Aðalflutningaleið til og frá öðrum löndum sem tengist stofnvegi í nágrennalandi.
- Mikilvæg leið fyrir flutninga á milli landshluta.

Gerðar eru meiri kröfur til stofnvaganna en til annarra vega og er ástæðurnar þessar:

- Atvinnulífið þarfnast þess að flutningar gangi vel og snurðulaust.
- Til að tryggja umferðaröryggi þarf að gera meiri kröfur til hönnunar og takmarka fjölda tenginga.
- Þjóða þarf upp á þægilega ferð með rútum á lengri leiðum.
- Stofnvegirnir eru vinnusvæði fyrir marga atvinnubílastjóra sem eiga kröfu á góðri vinnuástöðu.

Í Noregi eru tuttugu leiðir sem tilheyra stofnvegakerfinu og nær sú lengsta þeirra frá landamærum Svíþjóðar að sunnan til nyrsta hluta Noregs, tæplega 1.400 km.

Tilgangurinn með stofnvegakerfinu er að stýra uppbyggingu mikilvægustu samgönguleiðanna og gera þær eins öruggar og unnt er. Einnig að gera vegina aðlaðandi fyrir vegfarendur og þá sérstaklega atvinnubílastjóra. Með því má gera ráð fyrir að stofnvegir verði notaðir meira og að umferð færist til þeirra frá öðrum vegum.

Norska vegagerðin hefur gert sérstaka gæðastaðla fyrir stofnvegi sem eru strangari en staðlar fyrir aðra ríkisvegi. Sérstök áætlun var gerð um að endurbæta stofnvegi þannig að þeir uppfylltu þessi ákvæði en sá kostnaður reyndist það hár að dregið var úr kröfunum til umferðarminnstu vegganna. Engu að síður eru gerðar miklar kröfur til þessara vega sbr. eftirfarandi listi sem gildir fyrir vegi utan þéttbýlis.

Ársumferð bílar/dag	Vegbreidd	Veggerð
0-1.500	8,5 m (7.5)*	2ja akreina með takmörkuðum fjölda gatnamóta
1.500-5.000	8,5 m	2ja akreina án tenginga við hús og eignalönd
5.000-10.000	10 m	2ja eða fleiri akreina vegur, eingöngu með tengingar við þjóðvegi
10.000-20.000	20 m	Fjögurra akreina vegur með mislæg gatnamót
20.000-	26/29 m	Fjögurra akreina vegur með mislæg gatnamót

* Heimilt er að mjökka veg í 7,5 m þar sem umferð er lítil

Djúpvegur (61),

Forvaði - Þorpar 03-049

Tilboð opnuð 23. september 2003. Vestfjarðaumdæmi. Nýbygging Djúpvegar milli Forvaða í Kollafirði og Þorpa í Steingrímsfirði. Heildarlengd kafla er 6,44 km.

Helstu magntölur eru:

Lengd	6,44 km
Bergskering í vegstæði	16.400 m ³
Bergskering vegna rofvarna	31.600 m ³
Fyllingar	34.300 m ³
Neðra burðarlag	16.900 m ³
Efra burðarlag	9.500 m ³
Tvöföld klæðing	41.300 m ²
Rofvarnir	8.300 m ³
Frágangur fláa	82.400 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
---	Áætlaður verktakakostnaður	75.554.250	100,0	18.186
4	E. K. vélar ehf., Jóri ehf., Kópavogi	71.190.280	94,2	13.822
3	Fylling ehf., Hólmavík	69.712.750	92,3	12.345
2	Kubbur ehf., Ísafirði	63.977.250	84,7	6.609
1	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	57.368.050	75,9	0

Möðruvallavegur (813), Ólafsfjarðarvegur - Möðruvellir 03-031

Tilboð opnuð 23. september 2003. Norðurlandsumdæmi eystra. Gerð Möðruvallavegar á um 0,8 km löngum kafla frá Ólafsfjarðarvegi um Möðruvelli og heimreiðar að Möðruvöllum á um 0,2 km kafla.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	9.700 m ³
Neðra burðarlag	4.500 m ³
Efra burðarlag	1.450 m ³
Ræsi	65 m
Tvöföld klæðing	6.500 m ²
Frágangur fláa	10.800 m ²

Neðra burðarlagi skal lokið fyrir 15. nóvember 2003.

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. júlí 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
7	Trukkar og tæki ehf., Akureyri	11.417.430	140,1	3.089
6	Jarðverk ehf., Húsavík	10.755.000	132,0	2.427
5	Icofox ehf., Svalbarðsströnd	9.881.200	121,3	1.553
4	SE verktakar ehf., Sauðárkróki	9.573.055	117,5	1.245
3	G. Hjálmarsson, Akureyri	8.930.000	109,6	602
2	Árni Helgason, Akureyri	8.670.800	106,4	343
1	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	8.327.960	102,2	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	8.147.917	100,0	-180

Íslenskir vegstaðlar gera kröfur til vega háð umferð. Ekki er tekið tillit til þess að Hringvegurinn hefur sérstöðu hvað varðar langar leiðir og að þaðan greinast flest allir aðrir vegir. Vegfarendur virðast gera meiri kröfur til Hringvegarins en til annarra vega. Þess vegna er spurning hvort Vegagerðin þarf ekki að taka tillit til þess og auka kröfur til hans. Hugsanlegt væri einnig að gera meiri kröfur til nokkurra annarra langra vega með mikla þungaumferð svo sem veg út á Snæfellsnes, veg til Vestfjarða og e.t.v. aðalleiðar á Norð-Austurlandi.

Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð

Framkvæmdir eru nú í fullum gangi í Kolgrafafirði. Búið er að vinna meginhluta þeirra fyllinga sem eru á landi og fergja sigsvæði. Unnið er af krafti við byggingu brúarinnar og er búið að steypa upp fjóra af sex stöplum og byrjað á undirslætti fyrir 1. áfanga yfirbyggingar. Stefnt er að því að byggingu brúarinnar ljúki fyrir áramót. Þegar því er lokið verður hafist handa við gerð sjávarfyllingar yfir fjörðinn. Fyllingar-efni sem í hana fer er tekið úr námu við Oddabörð og verður flutt yfir hina nýju brú. Rofvarnargrjót utaná fyllinguna verður tekið úr námu við Mjósund í Hraunfirði. Gerður hefur verið samningur við verktaka um að ljúka byggingu vegarins með bundnu slitlagi á árinu 2004 og að frágangi verði lokið í síðasta lagi vorið 2005.

Verktakar við þessa framkvæmd eru Háfell ehf. sem annast jarðvinnu og Eykt ehf. sem annast byggingu brúarinnar. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar (Haukur Karlsson) annaðist niðurrekstur staura í undirstöðu brúarinnar.

Ingvi Árnason



Árbæjarvegur (271),

Hringvegur - Heiðarbrún 03-056

Tilboð opnuð 30. september 2003. Suðurlandsumdæmi. Gerð Árbæjarveggar frá Hringvegi að Heiðarbrún (2 km), sem og hluta Gaddstaðaflataveggar (0,9 km), alls 2,9 km.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	4.410 m ³
Fláafleygar	230 m ³
Skeringar	1.615 m ³
Neðra burðarlag, óunnið efni	6.220 m ³
Efra burðarlag, unnið efni	2.565 m ³
Girðingar	3.900 m
Tvöföld klæðing	20.170 m ²
Frágangur fláa	12.875 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
11	Landherji ehf., Reykjavík	21.278.135	118,9	7.399
10	Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ	18.252.250	102,0	4.373
9	Heflun ehf., Reykjavík	18.135.000	101,3	4.256
---	Áætlaður verktakakostnaður	17.896.970	100,0	4.018
8	Ræktunarsamb. Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	16.899.100	94,4	3.020
7	Árni Pálsson, Hellu	16.741.060	93,5	2.862
6	Sandvirki ehf., Þorlákshöfn	16.696.255	93,3	2.817
5	Jöfnun ehf., Hellu	14.744.830	82,4	866
4	Þjótandi ehf., Hellu	14.505.075	81,0	626
3	Vörubifr. stöðin Mjöllnir, Selfossi	14.425.500	80,6	546
2	Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðumi	14.263.780	79,7	385
1	Jón og Tryggvi hf., Hvolsvelli	13.879.225	77,6	0

Leiðréttingar

Í 25. tbl. Framkvæmdafrétta var frétt af vígslu Vestfjarðavegar um Bröttubrekku. Þar var atburðurinn ranglega dagsettur föstudaginn 26. ágúst bæði í myndatexta og meginmáli. Rétt er föstudagur 29. ágúst. Okkur var einnig bent á að orðið Brattabrekka beygðist „um Brattabrekku“ í Sturlungu en við treystum okkur ekki til að breyta frá þeirri málvenju sem nú tíðkast þ.e.a.s. „um Bröttubrekku“.







Í 27. tbl. er frétt um flutning áhaldahúss Reykjaness í Hafnarfjörð. Þar er gatan ranglega nefnd „Hraunhella“ í myndatexta. Rétt er „Hringhella“ eins og kemur fram í meginmáli.

Í 27. tbl. birtist kort sem sýnir mörk þjónustusvæða. Þau mistök urðu að mörkin eru ekki rétt sýnd á sunnanverðum Vestfjörðum. Þjónustusvæðið Búðardalur sér um sumarþjónustu vega alveg inn í botn Þorskafjarðar og vetrarþjónustu inn í botn Kollafjarðar. Þjónustusvæðið Hólmavík sér um alla Þorskafjarðarheiði að Vestfjarðavegi í botni Þorskafjarðar. Umdæmamörk eru engu að síður rétt um sýslumörk í Gilsfirði.

Framkvæmdir 2003

Vegagerðin birtir kort yfir framkvæmdir ársins í hverju umdæmi fyrir sig í Framkvæmdafréttum. Hér er birt kort yfir Vesturland. Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Getið er um allar nýbyggingar og stærri viðhaldsverk. Fjárupphæð til ráðstöfunar á árinu er birt í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

Framkvæmdir

-  Nýbyggingar, bundið slitlag
-  Nýbyggingar, malarslitlag
-  Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðingar
-  Styrkingar eða festun burðarlags
-  Styrkingar á malarvegi
-  Viðhald á malarslitlagi

Breiðafjörður




574 Útnesvegur (46 m.kr.)
Saxhóll - Gufuskálamóður,
5,8 km
Endurbygging vegar
Verktaki: Stafnafell ehf.,
Snæfellsbæ
Verklok: ágúst 2003

54 Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð
Eiði - Berserkseyri, 7,3 km
(850 m.kr./ 180 m.kr. í ár)
Nýr vegur og brú á Kolgrafafjörð
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík
og Eykt ehf.
Verklok: 2005

Grundarfjörður

54 Snæfellsnesvegur um
Fróðárheiði (45 m.kr.)
Sæluhús - Valavatn, 2,5 km
Endurbygging vegar
Verktaki: Stafnafell ehf.,
Snæfellsbæ
Verklok: 2004

54 Snæfellsnesvegur um
Staðará (53 m.kr.)
Ný tvíbreið brú á Staðará.
Brúarvinnuflokkur
Vegagerðarinnar
Verklok: ágúst 2003

Lögð klæðing yfir eftirtalda vegi og kafla sumarið 2003.
Verktaki er Borgarverk ehf.
Áætlaður heildarkostnaður við yfirlagnir er 80 m.kr.
Númerin vísa á kaflana. 

nr.		Vegur	Lengd Km
1	1	Hringvegur	6,3
2	1	Hringvegur	1,1
3	1	Hringvegur	1,9
4	1	Hringvegur	4,4
5	1	Hringvegur	5,1
6	1	Hringvegur	2,0
7	50	Borgarfjarðarbraut	1,6
8	518	Hálsasveitarvegur	5,6
9	51	Akrafjallsvegur	0,5
10	54	Snæfellsnesvegur	3,9
11	54	Snæfellsnesvegur	4,5
12	54	Snæfellsnesvegur	12,2
13	54	Snæfellsnesvegur	1,2
14	58	Stykkishólmsvegur	5,6
15	59	Laxárdalsvegur	1,8
16	60	Vestfjarðavegur	3,1
17	60	Vestfjarðavegur	5,4
18	60	Vestfjarðavegur	1,3
19	574	Útnesvegur	1,1
20	574	Útnesvegur	3,0

1 Hringvegur um Borgarnes
Hringtorg á gatnamótum
Hringvegur og Snæfellsnesvegur
(50 m.kr./ 34 m.kr. í ár)
Verktaki: Borgarverk ehf.
Verklok: júlí 2003

Faxaflói

1: 500 000



AKRANES

Vesturland

Vegakerfið

- Stofnvegir með bundnu slitlagi
- Stofnvegir með malarslitlagi
- Tengivegir með bundnu slitlagi
- Tengivegir með malarslitlagi
- Landsvegir með bundnu slitlagi
- Landsvegir með malarslitlagi



1 Hringvegur
Danielslundur - Gljúfura
(12,9 m.kr.)
Bikfestun og slitlag á
1,8 km kafla
Verktaki: Borgarverk
Borgarnesi ehf.
Unnið í júlí 2003

60 Vestfjarðavegur
um Bröttubrekku
Hringvegur - Brúnköllugil,
11,3 km
(450 m.kr./ 83 m.kr. í ár)
Nýr vegur
Verktaki: Arnarfell ehf.,
Akureyri
Verklok: september 2003

1 Hringvegur
neðan og um
Hæðarsteinsbrekku (6,6 m.kr.)
Bikfestun og slitlag, 0,9 km
Verktaki: Borgarverk
Borgarnesi ehf.
Unnið í júlí 2003

1 Hringvegur
framan Fornahvamms (6,1 m.kr.)
Bikfestun og slitlag, 0,8 km
Verktaki: Borgarverk
Borgarnesi ehf.
Unnið í júlí 2003

1 Varmalandsvegur,
Borgarfjarðarbraut -
Varmaland (8,8 m.kr.)
Bikfestun og slitlag, 2,01 km
Verktaki: Borgarverk
Borgarnesi ehf.
Unnið í ágúst 2003

513 Bæjarsveitarvegur (25 m.kr.)
Borgarfjarðarbraut - Laugarholt, 2,7 km
Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Svinavatni
Verklok: september 2003

508 Skorradalsvegur (35 m.kr.)
Dragavegur - Grund, 1,3 km
Verktaki: Þróttur ehf., Akranesi
Verklok: september 2003

506 Grundartangavegur
Hringvegur - Grundartangahöfn
(51 m.kr./30 m.kr. í ár)
Útboð: haustið 2003
Verklok: 2004

Jökulsá í Lóni, göngubrú

Í vetur stendur til að ljúka við gerð 95 m langrar göngbrúar yfir Jökulsá í Lóni við Eskifell. Undirstöður eru tilbúnar en brúin sjálf er forsmíðuð og verður flutt á staðinn eftir áreyrum Jökulsár. Þetta er hengibrú tveggja metra breið með 12 m háum turnum. Byggingarefni er stál og brúargólfið verður úr timbri.

Vinnuflokkur Vegagerðarinnar gerði undirstöðurnar en Eldafl ehf., vélsmiðja í Reykjanesbæ, sér um smíði stálhluta og flutning til Hornafjarðar eftir útboð.

Ekki er ákveðið hvernig staðið verður að uppsetningu brúarinnar en stefnt er að því að það verði nú í vetur. Kostnaður er áætlaður um 15 milljónir króna.

Gönguleið

Lónsöræfi njóta vaxandi vinsælda ferðafólks og þá sérstaklega göngufólks. Ein gönguleið liggur um Einstigi, norðan við Jökulsá í Lóni. Áin er síbreytileg á þessum stað og farartálmir fyrir gangandi fólk. Við Ásavatn, vestan Eskifells, er skilgreint skála- og tjaldstaði og er uppbygging þess svæðis hafin. Göngubrú við Einstigi mun tengja saman þetta svæði og gönguleiðina um Einstigi sem er mjög vinsæl. Með tilkomu göngubrúarinnar verða Lónsöræfi að viðamiklu og samfelldu göngulandi.




Lýsing framkvæmdar

Brúin er hefðbundin hengibrú með tveimur köplum sem eru festir í jörðu með steiptum bergakkerum. Brúin er í einu 95 metra löngu hafi. Lang- og þverbitar í brúardekkinu eru úr stáli en gólfíð úr timbri. Brúardekkið er hengt upp í kapalinn. Turnarnir sem kaplarnir sitja á eru úr stáli og eru 12 m háir.

Staðsetning brúarinnar í nágrenni fjalla hefur í för með sér að gera má ráð fyrir aftakaveðrum á þessu svæði og er brúin hönnuð til að standast slík veður. Miðað hefur verið við hönnunarvind sem er vindhviða með 60 m/s vindhraða. Til að minnka áhrif vinds á brúna er hún stöguð til hliðar með fjórum stögum hvoru megin. Gert er ráð fyrir að hliðarfærslur brúarinnar verði um 1 m eða um helmingi minni en án hliðarstaganna.

Evrópskur álagsstaðall fyrir brýr gerir ráð fyrir um 250 kg/m² hönnunarálagi, það þýðir að um 480 manns séu á brúnni á sama tíma. Ekki þótti ástæða til að gera ráð fyrir slíkum fjölda á þessari brú í einu sökum sérstakra staðhátta en miðað hefur verið við að hámarksfjöldi á brúnni sé um tveir menn á hvern lengdarmetra, þ.e. brúin er hönnuð fyrir að 200 manns séu á brúnni á sama tíma.



Viktor Arnar Ingólfsson
útgáfustjóri Vegagerðarinnar
skrifar

Björg meðfram Reykjanesbraut?

Í fasteignablaði Morgunblaðsins þann 29. september sl., bls. 28c, er ágæt grein um nýtt rammaskipulag fyrir

Reykjanesbæ. Þar eru kynntar margar skemmtilegar tillögur sem miða að því að gera bæinn sýnilegri. Ein hugmyndin er hins vegar nokkuð vanhugsuð. Hún felst í því að stórum steindröngum er komið fyrir meðfram Reykjanesbraut. Þetta er í mikilli andstöðu við þá viðleitni að gera umhverfi vega hættuminna, þ.e. sléttara og án aðskotahluta. Ef bifreið lendir útaf vegi á miklum hraða er hætt við að hún endi talsvert langt frá akbraut áður en hún stöðvast. Ef engin fyrirstaða er fyrir hendi eru miklar líkur á að ökumaður og farþegar sleppi án mikilla meiðsla ef öryggisbelti eru notuð rétt, jafnvel þótt bifreiðin velti. Það geta allir ímyndað sér hvernig færi ef

bifreið á miklum hraða lenti á björgum sem væri komið fyrir eins og myndin í Morgunblaðinu sýnir.

Ljósastaurarnir sem nú standa við Reykjanesbraut eru dæmi um aðskotahluti sem geta valdi slysi ef ekið er á þá. Þess vegna eru þeir sérstaklega útbúnir til þess að láta undan miklu höggi.

Ég vona að þeir Reyknesingar endurskoði þessa hugmynd sína og finni upp á einhverju öðru til að ná markmiðum sínum.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaádeildar. Þá er skammtstófur fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
03-093 Vl. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	10.03
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	10.03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	10.03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	10.03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	10.03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	10.03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	10.03

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekkaheiði - Saurbæjará	06.10.03	21.10.03
03-094 Au. Hringvegur (1) um Kotá í Öræfum	22.09.03	07.10.03
03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kamsnes - Álftafjarðarbotn	22.09.03	07.10.03

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	15.09.03	30.09.03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813), Ólafsfjarðarvegur - Möðruvellir	08.09.03	23.09.03
03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Þorpar	08.09.03	23.09.03

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
03-089 N.ey. Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003-2008	25.08.03	09.09.03
03-088 N.ey. Vetrarþjónusta í Eyjafirði 2003-2008	25.08.03	09.09.03

03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03	12.05.03
---	----------	----------

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
-----------------	--------	--------

03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús Sandvirki ehf.	09.09.03	01.07.04
--	----------	----------

03-086 Vl. Vetrarþjónusta á Holtavörðuheiði 2003 - 2008 Eyjólfur Valur Gunnarsson	11.08.03	01.05.08
---	----------	----------


03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli Fylling ehf.	23.06.03	01.09.04
---	----------	----------



Hringvegur 1, Biskupsháls - Vegaskarð, 12,5 km nýbygging á leiðinni frá Mývatni til Egilsstaða. Verktaki er Myllan ehf. frá Egilsstöðum. Þann 25. september sl. var snjór á þessu svæði enda nær Vegaskarðið upp í 500 m hæð y.s. Verklök verða 2004. Mynd: Ólafur Þór Gunnarsson.



Hringvegur 1 hjá Bárðardalsvegi vestri. Einbreið brú yfir Hruteyjarkvísl breiðkuð 26. september. Mynd: Ólafur Þór Gunnarsson.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 30. september 2003. Samtals er búið að sprengja 1.019 m sem gerir 17,9%.